

Til kennara

Þessi glærukynning er hugsuð fyrir þá kennara sem vilja nota lestrarkortin í kennslu og langar til að fræða foreldra um kortin.

Fræðslan getur farið fram hvenær sem er á skólaárinu eða þegar kennari ætlar að taka kortin í notkun.

Kennurum er auðvitað í sjálfsvald sett hvort þeir noti allar glærurnar eða velji úr þær glærur sem falla að áherslum í kennslu hverju sinni.

Gangi ykkur vel!

Lestrarkort fyrir snjalla lesara

Foreldrafræðsla



Lestrarkort fyrir snjalla lesara

Fræðsla fyrir foreldra vegna
heimalestrarþjálfunar



Skilaboð til lestrarþjálfarans

Til lestrarþjálfarans*

Markmið lestrarkortanna er að auka fjölbreytni í lestrarþjálfun, að mæta ólíkum þörfum nemenda í lestrarnámi og að nýta krafta lestrarþjálfara betur. Með þessu er reynt að tryggja að flestir nemendur nái góðum árangri í lestri, geti nýtt sér lestur með árangursríkum hætti í námi og lært að njóta hans.

Lestrarkortin eiga að hjálpa til við að halda utan um þjálfunina heima og eru þau hugsuð fyrir nemendur í 1.–4. bekk en sett upp í þrjú stig. Þjálfunarþættir kortanna eru ekki þeir sömu og taka mið af viðfangsefni og framförum í lestrarnámi eftir því sem nemendur verða færari í lestri. Kortin eru ekki bundin við árganga/bekki heldur stöðu nemandans í lestri. Ekkert mælir gegn því að nemendur í sama árgangi hafi sitt hvort lestrarkortið, það fer fyrst og fremst eftir stöðu í lestri og hvað nemandinn þarf að æfa eins og áður segir.

Hvert stig er sett upp í fjögurra til fimm vikna þjálfunartímabil. Ráðlegt er að lesa ekki minna en 10–15 mínútur á dag ef lestrarþjálfun á að skila árangri og gott er að nota 5–10 mínútur í aðra þjálfunarþætti. Þjálfunarþættirnir eru *Hljóðkerfisvitund*, *Stafaþekking*, *Lesfimi*, *Ritun* og *Skilningur og orðaforði*. Kennarinn ákveður alltaf meginþættina sem þarf að þjálfra og sendir heim verkefni eftir því sem við á. Ef nemandi þarf að þjálfra ákveðinn þátt skráir kennari upphafs- og lokadagsetningu þjálfunar hjá viðeigandi færniþætti í lestrarkortinu en annars mega lestrarþjálfari og barn velja sér þætti til að þjálfra ef svigrúm er fyrir hendi. Það er mikilvægt að velja sig ekki frá ritun alla daga en á fyrstu stigum lestrarnáms eru lestur og ritun sittthvor hliðin á sama peningi og þjálfun í öðru styrkir hitt.

Þegar daglegri þjálfun lýkur hakar lestrarþjálfari í viðeigandi reiti í Lestrarkortinu og setur upphafstafi sína í hjartað. Mikilvægt er svo að muna eftir hvatningunni og hrósinu því barn sem fær daglega þjálfun er stöðugt í framför.

Gangi ykkur vel!

*Lestarþjálfari er sá sem annast lestrarþjálfun barns og þar sem það eru ekki alltaf foreldrar er hentugra að nota orðið lestrarþjálfari.

- Að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda í þjálfun.
- Að auka fjölbreytni í heimalestrarþjálfun.
- Að nýta krafta lestrarþjálfara betur.
- Að auka líkur á bættum árangri í lestri.

Lestrarkortin – þrjú stig

- Kortin endurspeglar framvinduna sem er í lestrarnámi barna.
- Tekið mið af stöðu barns í lestri en ekki bekk.
- Fimm þjálfunarpættir.
- Skörun á þjálfunarpáttum milli korta.

Þjálfunarpáttur	Stig 1	Stig 2	Stig 3
Hljóðkerfisvitund	x		
Stafaþekking	x	x	
Lesfimi	x	x	x
Ritun	x	x	x
Skilningur og orðaforði	x	x	x
(Áhugahvöt)	x	x	x

Hvernig gengur þetta fyrir sig?

- Kennarinn metur nemandann og ákveður hvað þarf að þjálf.
- Kennari merkir við og skráir þjálfunartímabil við þann þátt sem á að þjálf. Kennari getur merkt við fleiri en einn þátt.
- Nemendur geta verið fljótir að ná tökum á sumum þáttum en lengur öðrum.
- Kennari endurmetur þegar tímabili lýkur og ákveður næstu skref.
- Lestrarþjálfari og nemandi mega velja sjálfir atriði til að þjálf ef áhugi er fyrir hendi.

Hugtök sem
gott er að
kunna

- Læsi
- Lestur
- Lesskilningur
- Lestrarþjálfari
- Orðaforði
- Hljóðkerfisvitund
- Stafapekking
- Lesfimi
- Ritun
- Áhugahvöt

Skilgreiningar 1



Læsi: Hæfnin til að nýta sér lestur á fjölbreyttan hátt.

Lestur: Færnin að umskrá bókstafstákn/hljóð í orð og leggja merkingu í textann.

Lesskilningur: Skilningur á lesnum texta. Er m.a. háður orðaforða og bakgrunnsþekkingu lesara.

Lestrarþjálfari: Sá sem sér um lestrarþjálfun barns. Gott að sami aðili annist þjálfun nokkrar vikur í senn til að læra á barnið og meta framfarir.

Skilgreiningar 2



Orðaforði: Öll orð og hugtök sem einstaklingur skilur. Góður orðaforði er forsenda alls skilnings (málskilnings, hlustunarskilnings og lesskilnings).

Hljóðkerfisvitund: Getan til að greina stök hljóð tungumálsins. Mikilvæg færni við upphaf lestrarnáms.

Stafaþekking: Að þekkja bókstafstákn og hljóð við lestur og ritun. Stafaþekking þarf að vera fullkomlega sjálfvirk svo lestrarnám gangi vel.

Skilgreiningar 3



Lesfimi: Sjálfvirkur, nákvæmur lestur og gott lestrarlag (hæfilegur hraði, réttar áherslur og gott hljómfall). Þegar lestur er sjálfvirkur og réttur er auðveldara að leggja merkingu í textann.

Ritun: Skrifleg tjáning, að læra að draga til stafs og semja texta skv. hefðum ritmálsins. Þjálfar þarf lestur og ritun jafnmikið á fyrstu stigum lestrarnáms.

Áhugahvöt: Hvatinn til að þjálfar lestur. Hvötin byggir á áhuga, þrautseigju og viðhorfi til þjálfunar og lestrar.

Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
1. stig



Nafn

Bekkur

Dagsetning

Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
2. stig



Nafn

Bekkur

Dagsetning

Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
3. stig






Nafn

Bekkur

Dagsetning

Forsíða kortanna

Baksíða kortanna



- Hagnýt ráð: Leiðsögn vegna lestrarþjálfunar.
- Orðakista: Skráning nýrra orða sem nemandinn lærir. Má vera úr lestrarbókum eða umhverfi.
- Orðasafn: Skráning orðatiltækja (t.d. að leggja ára í bát), málshátta (ungur nemur, gamall temur) og spakmæla (kurteisinn kostar ekkert).

Kennari velur þjálfunarpátt og skráir þjálfunartímabil.

Kennari metur framfarir og kvittar þegar þjálfun má ljúka.

Tímabil	Hljóðkerfisvitund Að geta greint málsgreinar í orð, orð í atkvæði og atkvæði í hljóð.	Lokið
	Klappar orð í málsgreinum.	
	Klappar atkvæði í orðum.	
	Rímar.	
	Lærir vísu, þulu eða romsu.	
	Finnur orð sem byrja á sömu upphafshljóðum.	
	Finnur fremsta hljóð í orði.	
	Finnur aftasta hljóð í orði.	
	Finnur hljóð innan í orði.	
	Finnur hvort hljóð er fremst, í miðju eða aftast í orði.	
	Leggur niður hlut fyrir hvert hljóð í orði eða telur á fingrum.	
	Skiptir orðum í einstök hljóð.	
	Tengir hljóð í orð.	

Tímabil	Stafaþekking	Lokið
	Regluleg upprifjun: Heiti og hljóð stafa sem hafa verið lagðir inn.	
	Parar saman lítinn og stóran staf.	
	Veiðir stafi í texta.	
	Veiðir orð í texta.	
	Leggur niður hlut fyrir hvert hljóð, myndar orðið með lausum stöfum og les þrisvar.	
	Býr til orð eða bullorð úr lausum stöfum og les.	
	Leirar stafi og segir heiti/hljóð og finnur fimm orð þar sem stafurinn kemur fyrir fremst í orðinu.	
	Æfir lestur algengra samhljóðasambanda.	

Tímabil	Lesfimi Sjálfvirkni við lestur orða (hraði og nákvæmni) og lestrarlag.	Lokið
	Les upphátt í 10 mínútur.	
	Les hverja blaðsíðu tvisvar.	
	Hefur fingur undir því orði sem lesið er hverju sinni til að tryggja nákvæman lestur.	
	Æfir lestur einfaldra orða af lista (sjónrænn orðaforði).	
	Æfir öruggan lestur með kórlestri og með því að lesa svo sjálf/sjálfur.	
	Æfir gott lestrarlag með bergmálslestri.	
	Undirbýr upplestur á texta eða ljóði ein/n eða í samvinnu við aðra.	
	Undirbýr leiklestur á stuttu leikriti í samvinnu við aðra.	

Tímabil	Ritun	Lokið
	Æfir fínhyrfingar.	
	Gerir krotæfingar og/eða sporar.	
	Æfir ritun bókstafa sem lagðir hafa verið inn.	
	Æfir ritun stuttra, algengra orða af lista.	
	Teiknar mynd og skrifar orð/texta út frá henni.	
	Skrifar málsgrein við mynd.	
	Æfir sig að skrifa stutt orð í tölvu/síma/spjaldtölvu.	
	Skrifar fimm stutt orð úr lestrarbók eftir upplestri og ber saman við orðin í bókinni. Leiðréttir og skrifar aftur.	
	Skrifar stutta sögu/endursögn með eigin stafsetningu.	
	Notar ritun í daglegu lífi: Sendir smáskilaboð, skrifar lista, stutt skilaboð, innkaupalista eða kveðju í kort.	

Tímabil	Skilningur og orðaforði	Lokið
	Spáir fyrir um efni bókar með því að velja fyrir sér titli og efni á bókarkápu (hvað heldur þú að bókin fjalli um?).	
	Spáir fyrir um efni bókar með því að skoða myndirnar í bókinni (hvað heldur þú að gerist í þessari sögu?).	
	Rifjar upp lesið efni áður en lestri sögu er haldið áfram.	
	Svarar spurningum úr efni textans.	
	Býr til spurningar úr efni textans.	
	Endursegir sögu eða hluta úr sögu að loknum lestri.	
	Hlustar á sögu og endursegir að hlustun lokinni.	
	Fær útskýringar á nýjum og framandi orðum í texta.	
	Safnar nýjum orðum og rifjar þau reglulega upp.	
	Hlustar á sögu eða hljóðbók til að efla orðaforða sinn.	



Lestrarþj. hakar við.

Lestrarþj. hakar við.

Lestrarþj. kvittar.

Lestrarkort: Kvittun fyrir lestrarþjálfun

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 1	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var hrósað fyrir góða framlistöðu.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Þjálfunin gekk vel.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lagði sig fram.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var jákvæð/ur.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lærði ný orð í vikunni.
Vika 2	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var hrósað fyrir góða framlistöðu.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Þjálfunin gekk vel.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lagði sig fram.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var jákvæð/ur.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lærði ný orð í vikunni.
Vika 3	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var hrósað fyrir góða framlistöðu.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Þjálfunin gekk vel.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lagði sig fram.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var jákvæð/ur.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lærði ný orð í vikunni.
Vika 4	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var hrósað fyrir góða framlstöðu.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Þjálfunin gekk vel.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lagði sig fram.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var jákvæð/ur.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lærði ný orð í vikunni.
Vika 5	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var hrósað fyrir góða framlstöðu.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Þjálfunin gekk vel.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lagði sig fram.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Var jákvæð/ur.	☐ Æfði lestur/lesfíml. ☐ Æfði hjóðkerfisvitund. ☐ Æfði stafapekkingu. ☐ Æfði ritun. ☐ Æfði sklinning og orðaforða. ☐ Lærði ný orð í vikunni.

- Ef þú merkir í efsta reitinn hefurðu sinnt heimanáminu í lestri þann daginn.
- Ef þú merkir við tvo reiti hefurðu sinnt heimanáminu í lestri vel þann daginn.
- Ef þú merkir við þrjá reiti þá hefurðu sinnt heimanáminu í lestri einstaklega vel þann daginn.



Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
1. stig



Nafn

Bekkur

Dagsetning

Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
2. stig



Nafn

Bekkur

Dagsetning

Lestrarkort

fyrir snjalla lesara

Þjálfun og skráning
3. stig



Nafn

Bekkur

Dagsetning

Spurningar?